

## Tillaga

**Viðtakandi:** Bæjarráð Mosfellsbæjar

**Efni:** Tillaga um úttekt á upplýsingatækniþjónustu, kerfis- og tæknihverfi Mosfellsbæjar

**Dags:** 5. janúar 2024

**Málsnúmer:** 202401110

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri

### Tillaga:

Lagt er til að bæjarráð samþykki að fara í úttekt á upplýsingatækniþjónustu, kerfis- og tæknihverfi Mosfellsbæjar með áherslu á þjónustustig, kostnað, öryggismál, persónuvernd og innkaup.

Lagt er til að úttektin verði framkvæmd af ytri sérfræðingum í upplýsingatækni og hönnun notendavænnar þjónustu. Það tryggir faglega nálgun og hlutlægni í úttektinni. Afmarkaðir þættir úttektarinnar gætu verið framkvæmdir af starfsfólki Mosfellsbæjar, t.d. kostnaðargreining og persónuvernd.

Skrifstofa umbóta og þróunar, hefur samkvæmt fjárhagsáætlun svigrúm til að mæta kostnaði við úttektina. Farið verður í verðkönnun meðal ráðgjafa fyrirtækja sem hafa þekkingu og reynslu af slíkum úttektum.

### Greinargerð:

Endurskoðun á upplýsingatæknimálum Mosfellsbæjar er nauðsynlegt skref í átt að nútímavæðingu þjónustunnar, fyrir áframhaldandi stafrænni vegferð og styður við þá áherslu Mosfellsbæjar að vera í fremstu röð í stafrænni þróun og nýtingu upplýsingatækni í þágu bæjarbúa og starfsfólks.

Strategía gerði stjórnýslu- og rekstrarúttekt í maí 2023 og þar komu m.a. fram úrbótatillögur er lúta að upplýsingatækni og stafrænni vegferð. Úttektin á upplýsingatæknimálum mun byggja á úttekt Strategíu og er nauðsynlegur grunnur svo hægt sé að vinna að þeim umbótum sem þar eru lagðar til.

Helstu markmið úttektarinnar eru:

- Að rýna í þarfir stjórnenda og stofnana varðandi upplýsingatækniþjónustu.
- Að greina kostnað á núverandi þjónustum og kerfum.
- Að kortleggja öryggi í rekstri upplýsingatæknikerfa og hugbúnaðar.
- Að greina hvort stofnanir uppfylli kröfur persónuverndar.
- Að tryggja hagkvæm, örugg og samræmd innkaup.
- Að fá fram tillögur til umbóta þar sem þörf er á.

### Fyrirkomulag upplýsingatæknimála

Í Mosfellsbæ er ekki starfrækt sérstök upplýsingatæknideild og hafa stofnanir sjálfar ábyrgð á sínum upplýsingatæknimálum.

### Bæjarskrifstofur - Kjarni

Kjarni hefur samið við ytri aðila til að sinna kerfisrekstri, notendabjónustu og innkaupum. Notendabjónustan felur í sér viðveru tæknimanns einu sinni í viku í Kjarna. Greiða þarf sérstaklega fyrir

auka þjónustu sem fellur utan samnings. Auk bæjarskrifstofanna er þjónustustöðin og Listaskólinn að hluta með þjónustu samkvæmt samningnum.

### **Leik- og grunnskólar**

Kerfisstjórar leik- og grunnskóla í Mosfellsbæ hafa verið ráðnir með aðsetur í Lágafellsskóla, Helgafellsskóla og Kvíslarskóla. Kerfisstjórnarnir veita þjónustu til allra leik- og grunnskóla í bænum og hver skóli ber hlutfallslegan kostnað af þessari þjónustu. Upplýsingatæknikerfi skólanna mótast þannig af sérstökum áherslum hvers skóla fyrir sig.

### **Innkaup**

Stofnanir sjá sjálfar um innkaup sem eru við fjölmarga birgja.

### **Persónuvernd**

Mosfellsbær hefur undanfarin misseri lagt mikla áherslu á efla öryggi persónugreinanlegra gagna og að réttindi einstaklinga séu tryggð í samræmi við persónuverndarlögin. Þetta felur í sér sífellt endurmat á verklagi og stefnum til að tryggja lögmæta og örugga meðhöndlun persónuupplýsinga.

### **Stafræn vegferð Mosfellsbæjar**

Stafræn vegferð hófst af fullum krafti á árinu 2023 og hafa ellefu stafrænar lausnir verið innleiddar auk fjölmargra minni verkefna. Til að tryggja áframhaldandi árangur í stafrænni þróun er mikilvægt að hafa traustan tæknigrunn.

*Virðingarfyllt,  
Regína Ásvaldsdóttir*